

## Ágætu Vefarar!

Um nokkurt skeið hefur frændfólk ykkar af Vefaraætt undirbúið viðgerð á minningartöflu um hjónin

### Jón vefara Þorsteinsson Schjöld & Þóreyju Jónsdóttur.

Nú er svo komið að búið er að semja við forvörð um viðgerð og er hún hafin. Því er nú safnað fé svo greiða megi fyrir þá vinnu.

Líklegt er að taflan fari síðan í Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum, en þar eru menn tilbúnir að taka við henni. Á safninu er fyrir vefstóll sem líklega er frá dögum Jóns vefara. Enn á sóknarnefnd Valþjófsstaðarsóknar þó eftir að fjalla um málið og samþykkja flutning.

Hjálagt fylgir *Söguskýring handa Víðisum*. Hún á að færa ykkur heim sanninn um skyldleika ykkar við Jón og Þóreyju.

Hjálagt fylgir blaðið *Minningartafla* sem undirbúningshópur hefur unnið fyrir fjáröflunina.

Um leið og greitt er inn á reikning söfnunarinnar verðið þið félagar í *Vefaraættinni – niðjasamtökum*. Þið fáið bráðum boð um að mæta á aðalfund félagsins nú í vor.

Vinsamlegast ljúkið málinu fyrir 15. febrúar, svo sem fjáröflunarnefnd biður um.

Í undirbúningsnefnd/fjáröflunarnefnd er amk. einn fulltrúi hvers þeirra 10 barna Jóns og Þóreyjar sem niðja eiga.

Á vefsíðunni <http://vefari.bloggar.is> má fræðast frekar um minningartöfluna og Vefaraættina.

Á vefsíðunni <http://www.simnet.is/marvidar> má fræðast um ýmislegt sem að Víðisum snýr. Þar er ættartala Víðisa (með framættum), ættartal Arnheiðarstaðaættar og ýmislegt um Vefara.

Oft njóta niðjar kyns og kosta!

**Reykjavík, 24. janúar 2007.**

Vinsamlegast,

Jón G Hálfðanarson,  
Már Viðar Másson &  
Guttormur V Þ Þormar  
fulltrúar Halldóruniðja (sbr. umslag bréfsins).  
Tveir fyrstnefndu sjá um dreifingu til Víðisa (Halldóruniðja hinna yngri).